

“Hvernig þá, hóflega?”

“Ég sagði lágt: ‘f relsið lifi!’ og bætti svo við hátt: ‘undir vernd laganna, auðvitað!’”

Gaukurinn leit til hrafnsins.

“Það er rétt, herra gaukur,” sagði hann.

“Sem hús-spörr vildi eg helzt ekki þurfa meira um frelsið að tala, vegna þess að það er ekki eitt af áhugamálum þess hluta félagslífsins, sem eg hefi þann heiður að tilheyra.”

“Sann—leikur!” krunkaði hrafnninn og bætti við í hálfum hljóðum: “honum stendur alveg á sama, hvað hann staðhæfir.”

—Og meðfram veginum runnu klíðandi smálækir. Þeir sungu um ána, sem þeir við lok ferðar sinnar mundu hverfa í, sungu um langa og mikla framtíð. “Stórar, æðandi öldur munu taka okkur í arma sína og bera okkur út í hafið, og síðan munu sólargeislarnir hefja okkur upp til himins, svo föllum við til jarðarinnar aftur í daggardropum, snjóflyksum eða regni.” Hlý vorsólin skein brosandi á jörðina, hún brosti með brennandi lífsendurnýj-ungaraflí.

Fyrir utan garðinn situr hópur af lóum og ein þeirra syngur söng um stormfuglinn, sem hún hefir einhversstaðar heyrt:

“Vindurinn keyrir skýin saman yfir gráum haffletinum. Á milli skýjanna og hafsins þýtur stormfuglinn í gegn um loftið.

Stundum snertir hann sjóinn með vængjunum, stundum skýzt hann sem ör upp í skýin og gefur frá sér hvelt hljóð — og öldurnar finna fögnuðinn í því hljóði.

Í hljóðinu er þrá eftir storminum.

Skýin finna í því inni byrgðan kraft reiðinnar, eld brennandi ástriðu og traustið á sigur.

Máfarnir stynja af kvíða fyrir storminum og flögna yfir yfirborði hafsins reiðubúnir að fela sig á botni þess.

Kaffuglarnir stynja líka, stríðslöngun er þeim fjarri, þeir skjálfa við hljóð þrumunnar. Feitu, heimsku villigæsirnar leita í hræðslu sinni að klettaskoru, þar sem þær geti falið sína featu líkami fyrir storminum. — Stormfuglinn einn svífur frjáls og hugprúður yfir hvítlöðrandi öldurótið.